

Fundur 17.4.2023 Chuck Berry tónlistarmaður (18/10 1926 - 18/3 2017).

Góða kvöldið.

Góða kvöldið. Velkominn.

Takk fyrir.

Er ég nú allur að hressast og finnst mér það nú ljúft að tala við ykkur úr framlífi og hef ég hér fært mér æ betur í nyt möguleika framlífs og sífellt einhver undrunarefni sem koma mér á óvart.

Og hefði aldrei trúað því að lífið eftir dauðann væri líkamlegt en ekki andlegt og finnst mér að þjóð ykkar ætti skilið meiri athygli fyrir það að hafa komið fram með þau vísindi.

Er ég hér staddur í framlífi og öflugur mjög og var ég alltaf mjög kraftmikill í jarðlífi mínu og veitti ég gleði og skemmtun í líf margra og finnst mér það alveg ólýsanlegt að vera í ungum líkama en ekki í gömlum líkama og finnst mér sem öllum hömlum sé af mér lyft, sem voru farnar að gera vart við sig á jörðinni ykkar gömlu.

Og þjóðfélagið hér er allt með þeim hætti sem ég óskaði mér og jafnvel erfiðleikar þeir sem mættu mér í æsku eru ekki til staðar á þessum framlífs hnetti og er ég æfinlega jafn forvitinn að vita hvernig á því standi að sannindi þessi sem hér eru sjálfsgöð, skuli ekki vera kennd á framlífs jörðum eins og minni gömlu jörð sem ég tilheyrði ásamt ykkur og er víst langt þess að bíða að maður fái svar við þeirri spurningu.

En maður nýtur hvers dags og maður nýtur allra þeirra möguleika sem þetta líf hefur upp á bjóða og það er æskan og gleðin sem fylgja manni hér og er ég þó þeirrar gæfu aðnjótandi að lifa löngu og hamingjuríku lífi á jörðinni, en það sem pirraði mig mest og olli mér áhyggjum var hversu framlög þær sem samfélagið setti okkur voru farnar að aukast samhliða því sem kvillar ellinnar voru farnar að láta á sér kræla og endar það aðeins á einn veg.

Er ég mjög sáttur og ánægður með ástandið á framlífs jörð minni og úrlausn þeirra margvíslegu vandamála og alls konar annað sem mín þjóð lenti í þegar ég var ungur maður og fram eftir aldri og marvísleg samfélagsleg vandamál, eins og samskipti og sambúð milli kynþáttanna og fátækt og samskipti kynjanna og menntun minnihluta hópa virðing manna á meðal og virðing fyrir öldruðum og yngri, en hér er þó minni munur á öldruðum og yngri og má segja að á þessum hnetti sé enginn mjög gamall, en þó má sjá einstaka mann og konu með nokkur ellimörk.

Og er ég svo hamingjusamur að öll þessi vandamál sem voru mér efst í huga á jörðinni gömlu, skuli vera leyst í þessu þjóðfélagi á þessum hnetti að hér gefst mér tækifæri að sinna list minni betur og njóta frelsisins betur, enda frelsið ekki sjálfgefið og margir halda á jörðinni.

Og þótt ég hafi verið orðinn gamall maður á jörðinni þegar ég fór, fylgdist ég vel með og mikill er sá munur á þjóðfélagi okkar hér í framlífi og þjóðfélagi mínu á gömlu jörðinni sem þó gefur sig út fyrir að vera þjóðfélag frelsisins, en er það ekki lengur nema að hluta til og fer það frelsi minnkandi virðist mér því miður um stundar sakir, en vona ég að það lagist síðar.

Hef ég hér, þessi fáu ár sem ég hef verið hér, hef ég bæði fagnað hreysti og æsku og tekið aftur til við list mína og fjölskyldu líf og kynnst hér konum og körlum og hef ég ekki síður reynt að efla frelsið á öðrum hnöttum með því að sækja þessar stjörnusambandsstöðvar og lýsa minni reynslu.

Og vil ég hvetja ykkur jarðarbúa til að snúa til baka af ákveðinni helstefnu braut pólitískrar réttthugsunar vinstri manna og sé ég það æ betur hér í framlífi hvernig það er bøl á þjóðfélaginu að festast í þeim fótsporum.

Hefði ég gjarnan viljað heimsækja ykkar land, hefði mér gefist kostur á því og var það mér undrunar efni að hér í framlífi heyrði ég hljóma lögin mín eða því sem næst og voru það einhverjir tónlistarmenn sem höfðu heyrt sömu hljómana og sömu frasana og fram höfðu komið svipuð

dægurlög og átti ég því auðvelt með að grípa gömlu standardana og gleðja fólk hér á framlífs jörð sem margt mundi eftir mér og hafði dáið á undan mér.

Og vona ég að jörðin lagist og þessi vandamál sem ég tala um fari að minnka, ég ætla að reyna að segja til nafns. Bandarískur maður, Bandarískt þjóðfélag á framlífs jörð, tónlistarmaður Chuck Berry (18/10 1926 - 18/3 2017).

Það er ekkert annað. Ég vil þakka þér fyrir alla þína góðu tónlist.

Þakka ég kærlega fyrir og finnst mér áhuga þarna og þú hefur kannast við mig, og fylgst með þessu?

Já ég hef nú verið að æfa nokkur lög eftir þig.

Það er mikill heiður, þakka ég fyrir. Og skemmtu þér vel með það og vona að það hljómi sem oftast og vona ég að gamla rokkið lifni aftur.

Já það þarf endilega að gera það.

Já. Já, ánægjulegt að tala við ykkur og já, hér er frá ýmsu að segja og hamingja mikil að vera komin í nýjan líkama og mjög hrifin af því að Íslendingar skyldu vera fyrstir að uppgötva þetta.

Viltu segja eitthvað meira um þessi pólitísku vandamál sem þú varst að tala um áðan?

Já það er of mikil völd kvenna sem að ekki eru réttlátar.

Eru Íslendingar ekki forystumenn í því?

Ég er ekki alveg viss um að ég geti fullyrt um það en jú, ég skynja það að þetta er svipað alls staðar en jú þið eruð mjög mikið í þeirri stefnu en ég býst nú við að það sé nú þannig í mörgum löndum núna.

Gengur þetta ekki bara fljótt yfir?

Ja, það gæti gert það jú, en það er víst hægt að segja að það séu snarpir vindarnir og ekki alveg ljóst að það verði strax en það er von að það komi jafnvægi á í því, komist í betra horf, jú ég hef nú heyrt að það geti gert það.

Að það sæki aftur í það horf sem það ætti að vera, en ég er ekki, ég þarf að fræða mig betur um það til að vera viss um það, en mér er sagt að það séu hörð átök hjá ykkur á jörðinni og það sé ekki alveg ljóst hvernig það verður alveg á næstunni.

En ég er svo hrifinn af íslenskri þjóð að hafa veitt mér trú á gamla mannkynið með því að vita að eitt af því sem olli mér kvíða um hvort líf væri eftir dauðann, hafði fundist svar frá ykkar þjóð, sem er í samræmi við framlíf mitt.

En hvernig er þetta með þessa á jörðinni, sem eru að eignast allt? (Grímur Grímur)

Heyrðu Grímur minn þú ert kominn allt of langt út í móa.

Leyfðu honum að svara þessu.

Já, já ég kannast við það, ég passaði mig nú á því að skipta mér ekki mikið af því, en það er nú efni í lengri ræðu að fara aðeins úti það hvernig mín þjóð á sinn þátt í því.

Og ég hef nú áhyggjur af því að fjármálakerfið standi nú völtum fótum þarna í mínu heimalandi, en ég held að ég ætti nú ekki að skipta mér of mikið af því að sinni.

Ég er nú enn þá svo llítið brenndur af, ja ýmsum erfiðleikum sem ég varð fyrir á jörðinni og ætti nú bara að þegja um það að sinni, en ég þakka nú fyrir spurninguna samt, get komið síðar og reynt að minnast aðeins á það betur.

Ég vona bara að þér gangi sem allra best áfram.

Og ég sendi ykkur kveðjur, þökk fyrir gott samband og gangi ykkur einnig vel og þér ef þú hefur áhuga á þessu og þakka ég kærlega fyrir og óska ykkur alls hins besta einnig, verið þið sæl.

Þakka þér fyrir og vertu sæll.